

75. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 17. ágúst 2009, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál
 2. Umsóknir um skólavist utan lögheimilis
 3. Erindi matsnefndar v/Laxár á Ásum
 4. Bréf Jónasar Skaftasonar 28/ 7og 10/8.
 5. Svæðisáætlun Húnavatnssýslna (v/almannavarna)
 6. Erindi Félags skógarbænda á Norðurlandi
 7. Erindi Félagsþjónustu A-Hún.
 8. Erindi Sambands ísl. sveitarfélaga
 9. Erindi Félags fagfólks í félagsþjónustu
 10. Erindi UNICEF á Íslandi
 11. Erindi Umhverfisráðuneytinu
 12. Atvinnumál
 13. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. **Húsnæðismál**
Almennar umræður urðu um húsnæðismál á Blönduósi.

Bæjarráð óskar eftir gögnum um stöðu viðhalds fasteigna frá umsjónarmanni fasteigna.
2. **Umsóknir um skólavist utan lögheimilis**
Fært í trúnaðarbók
3. **Erindi matsnefndar v/Laxár á Ásum**
Matsnefnd mun fara á vettvang Laxár á Ásum dagana 25. og 26. ágúst n.k. Veðiréttareigendum er boðið að hitta matnefndina.

Lagt fram til kynningar
4. **Bréf Jónasar Skaftasonar 28/ 7og 10/8.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfi Jónasar dags. 28. júlí.

Bæjarráð vísar bréfi dags. 10. ágúst til skipulags, byggingar- og veitunefndar til frekari afgreiðslu.
5. **Svæðisáætlun Húnavatnssýslna (v/almannavarna)**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
6. **Erindi Félags skógarbænda á Norðurlandi**
Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 20.000

Bæjarráð samþykkir erindið.

7. Erindi Félagsþjónustu A-Hún.

Fært í trúnaðarbók

8. Erindi Sambands ísl. sveitarfélaga

Haldið verður málþing um Lýðræðismál í sveitarfélögum 19. ágúst n.k.

Lagt fram til kynningar.

9. Erindi Félags fagfólks í félagsþjónustu

Félag fagfólks í frítímaþjónustu skorar á sveitarstjórnir að standa vörð um starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila fyrir börn og unglinga á þeim umbrota- og óvissutímum sem Íslendingar lifa nú og tryggja um leið jöfn tækifæri til þátttöku í fjölbreyttu frítímastarfi.

Lagt fram til kynningar og bæjarráð vísar erindinu til fræðslunefndar

10. Erindi UNICEF á Íslandi

Leggja áherslu á að sveitarstjórnir hugi að velferð og réttindum barna í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin er að ganga í gegnum.

Lagt fram til kynningar og bæjarráð vísar erindinu til fræðslunefndar

11. Erindi Umhverfisráðuneytinu

Umhverfisráðuneytið veitir Blönduósbæ tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Draugagili.

Bæjarráð felur tæknideild að afgreiða málið.

12. Atvinnumál

Bæjarstjóri fór yfir atvinnumál á svæðinu.

13. Önnur mál

a) Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 14. ágúst 2009

Bæjarráð samþykkir deiliskipulag C. og einnig þær lóðaúthlutanir sem eru í fundargerðinni.

Lögð fram til kynningar

b) Ferð meistaraflokks Umf. Hvatar í knattspyrnu á Evrópumót í Futsal

Ungmennafélagið Hvöt óskar eftir stuðningi Blönduósbæjar vegna Evrópumóts í Futsal sem haldið verður í Austurríki í ágúst. Umf. Hvöt er fulltrúi Íslands á mótinu.

Formaður bæjarráðs vísar sæti undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir kr.75.000 styrk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18.55

Arnar Þór Sævarsson(sign.)

Kári Kárason(sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)